Bekkur: 8. bekkur

Námsgrein: náttúrufræði

Lykilhæfni: Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Efnisþættir Verklags	**Hæfniviðmið**	**Kennsluhættir**	**Námsmat**
	Nemandi geti: • Lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju, endursagt og rætt helstu atriðið í margvíslegu samhengi. • Lesið úr myndritum og myndefni um náttúrufræði í margvíslegu samhengi. • Beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður. • Skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingasköpun. • Kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt. • Framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum frá athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum. • Sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingaleit og útvinnslu verkefna	Leitast eftir að viðhafa sem allra fjölbreyttasta kennsluhætti • Innlagnir kennara • Umræður • Lestur • Rannsóknaverkefni • Vettvangsathuganir • Verklegar athuganir • Könnunaraðferðir	Símat allt skólaárið • Einstaklingsverkefni • Hópaverkefni • Kannanir • Virkni og þátttaka

	• Tekið þátt í umræðum um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins		
Efnisþættir viðfangsefna	**Hæfniviðmið**		
	Nemandi geti: • Útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð • Þekkt gagn og skaðsemi örvera • Útskýrt einkenni og lífsskilyrði lífvera • Útskýrt flokkun lífvera eftir skyldleika • Gert grein fyrir fjölbreytileika plantna, starfsemi mismunandi plöntuhópa • Gert grein fyrir mikilvægi plantna fyrir kolefnisbindingu • gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum • Gert grein fyrir fjölbreytileika sveppa og sambandi þeirra við plöntur • Þekkt uppbyggingu frumeinda og sameinda og myndun jóna. • Útskýrt varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeindakenninguna. • Útskýrt uppbyggingu lotukerfisins og tengt við eiginleika efna • Þekkt heiti algengra frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum • Lýst efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku, m.a. með efnajöfnum • Unnið með leysni mismunandi efna í vökvum og lofttegundum • Útskýrt og unnið með pH kvarðann • Gert grein fyrir stöðu og hreyfingu jarðar og áhrifum hennar á lif á jörðu		

	• Útskýrt hvernig land hefur myndast og mótast á jarðsögulegum tíma • Gert grein fyrir áhrifum tungls á jörðina • Þekkt eiginleika sólkerfisins og gert grein fyrir myndun, stöðu og hreyfingu sólkerfa • Gert grein fyrir myndun og þróun stjarna		